

Norðurá bs.
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 6. nóvember 2019
UST201901-213/F.T.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 31. júlí sl. þar sem óskað var eftir úrbótaáætlun vegna fráviks sem skráð voru í eftirliti dags. 2. maí 2019. Þann 12. september sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:


1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Sigvatni undan urðunarstaðnum skal safnað saman og leitt í gegnum hreinsivirki áður en því er veitt til sjávar. Mælingar ofan og neðan hreinsivirkis sýna hækkaðan styrk á m.a. olíu og fitu sem gefur til kynna að olíuskiljan sé ekki að virka sem skyldi. **Rekstraraðili hefur sett niður nýjan sýnatökubrunn. Framkvæmd verður önnur mæling í apríl 2020. Bendi niðurstöður mælingarinnar til þess að hreinsivirkid sé ekki að virka sem skyldi, verður það grafið upp og skipt um síuefni í samráði við Eflu verkfræðistofu. Áætluð verklok eru 31. maí 2020.**
2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Magn móttekis úrgangs árið 2018 var umfram heimild starfsleyfis. Skráð magn móttekis úrgangs voru rúm 21.745 tonn en heimilt er að taka móti 21.000 tonnum skv. starfsleyfinu árlega. **Rekstraraðili hyggst sækja um breytingu á starfsleyfi hvað varðar aukna heimild til urðunar. Umhverfisstofnun hefur leiðbeint rekstraraðila um heimild til að sækja um undanþágu frá starfsleyfi skv. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.**
3. Gr. 5.2. í starfsleyfi. Mælingar á grunnvatni eru ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfisins en þar vantar mælingar neðan við urðunarstaðinn. Rekstraraðili hefur gert tilraunir til að ná mælingum á grunnvatni neðan við urðunarstaðinn en ekkert grunnvatn hefur komið í þá brunna sem settir hafa verið niður. **Rekstraraðili hefur bætt við sýnatökubrunni til mælinga á grunnvatni neðan við urðunarstaðinn.**
4. Gr. 3.3 og 5.2 í starfsleyfi. Lækur sem kemur fram sem grunnvatn ofan við urðunarstaðinn rennur á yfirborði í gegnum urðunarstaðinn. Vatnið fer ekki í gegnum hreinsivirki og ekki eru gerðar mælingar á samsetningu vatnsins við útrásina. **Rekstraraðili hefur tekið sýni úr læk sem rennur í gegnum urðunarstaðinn og sent stofnuninni niðurstöður mælinga.**


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta effirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur


Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra.